

4. mál Umræða um málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka forseta í fyrsta lagi fyrir að hafa leyft mér að birta þá mikilvægu bókun sem ég birti um styrki til stjórnálagasamtaka vegna þess að þessi bókun skiptir okkur í borgarmálagfélagi F-listans mjög miklu máli, bæði hvað varðar mannorð okkar og þá særðu réttlætiskennd sem við höfum orðið fyrir vegna þess hvernig okkur er mismunað í samanburði við önnur framboð. Og okkur sárnar að upphaflegur tilgangur þessara styrkja hefur orðið að andhverfu sinni þegar þetta er farið í að greiða vinavæðingu formanns Frjálslynda flokksins og skrifstofu flokksins.

En ég ætla ekki að tala meira um það heldur um leið og ég þakka forseta borgarstjórnar fyrir að hann skyldi leyfa mér að birta þessa bókun og eins fyrir að hann skyldi fyrir á fundinum leyfa nafnakall um atkvæðagreiðslu sem ég bað um, þá skal ég meta það með þeim hætti að stefna að því ef ekki verða mjög harkaleg viðbrögð við ræðu minni, eins og oft verða hér í borgarstjórn, að reyna helst að hafa enga eða litla bókun við þennan lið og lýsi þar með þakklæti mínu til forseta borgarstjórnar. En hins vegar eru uppi ýmsar spurningar í minni ræðu hér, sem ég vona að borgarstjóri og fleiri kjörnir fulltrúar bregðist við af því ég hef út á mjög margt að setja undir þessum lið sem varðar tillögufrelsi, málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur. Af því að ég hef sagt það og mér finnst gott að geta sagt það hér í pontu þar sem þeir sem hafa áhuga á borgarmálum geta hlýtt á mál mitt, að mér finnst hafa verið gróflega brotið á mínum réttindum, bæði sem kjörnum fulltrúa og manneskju hér í Borgarstjórn Reykjavíkur frá því að ég kom hingað aftur til starfa 1. desember 2007.

Ég hef kynnst ótrúlegri fúlmennsku sem ég hef aldrei kynnst fyrir á ævi minni. Ég er einungis hreykinn af því að hafa haft það sterk bein að bera, að hafa haft það sterk bein að hafa getað staðið af mér þessa atlögu, sem var raunar erfiðari fyrir mína fjölskyldu en fyrir þann sem hér stendur. Svívirðileg aðför að þeim sem hér stendur fyrir það eitt að hann hafði verið alvarlega veikur þegar hann kom aftur til starfa í Borgarstjórn Reykjavíkur. Það er eins og menn geri að gamni sínu með jafnalvarlegar staðreyndir eins og þær að sá sem hér er var dauðveikur af þunglyndi áður en hann kom hingað aftur og ykkur virðist sumum hafa verið

skemmt yfir. Svo veikur að hann þurfti meira að segja að fara í raflost og var ekið út í hjólastól sem var þemað hjá Spaugstofunni. Þeir þóttust vera að gera grín að mér í þætti laugardaginn eftir að ég var settur hér í embætti. Þetta var ekkert grín, þetta var argasta hatur og mannfyrirlitning á lægsta plani sem ég hef kynnst á ævi minni, plani sem var fyrir neðan allt velsæmi, ráðist á mig sem persónu fyrir það eitt að vera veikur. Og að hér inni skuli sitja fólk að mér finnst sem hefur fordóma gagnvart þeim sem eru andlega veikir.

Ég get sagt við ykkur að andleg veikindi geta komið bæði yfir þá sem hafa búið yfir góðu og lélegu andlegu atgervi. Hér hefur verið gefið í skyn við mig að ég búi yfir minna andlegu atgervi en þið flest ykkar, og ég væri vanhæfur til að starfa hér í borgarstjórn og að ég þyrfti vottorð til að geta það, hafandi getað starfað sem heimilislæknir hér í borginni um áratugaskeið með sóma og notið virðingar skjólstæðinga minna. Segið svo að mér ætti að standa á sama þegar ég er að fjalla um þessi mál hér í borgarstjórn, að það sé reynt að beita málþófi og valdniðslu til að ég komi mínum málum ekki að eins og var gert hér á fundi ekki fyrir löngu.

En ég tala hreint út um hlutina og ég veit það eins og komið hefur verið fram við mig, að fjöldi borgarbúa eru á því máli að árásirnar hér á mig hafi lýst mannfyrirlitningu og fordómum í garð allra þeirra sem á ævinni hafa þurft að takast á við þunglyndi eða misst ættingja af þeim sökum. Ég segi bara enn og aftur, þó það sé ósk margra hér inni að ég hætti störfum hér í borgarstjórn eða nái ekki kjöri í vor, þá held ég að þessi aðför öll og öll þessi mannfyrirlitning sem mér og öðru fólk sem hefur þjáðst af þunglyndi hefur verið sýnd, muni verða að andhverfu sinni gagnvart flokkunum hér sem hafa reynt að hrekja mig frá störfum, niðurlægja mig, svívirða mig og fjölskyldu mína.

En ég ætla að fjalla hér um það hvenær ber að víta borgarfulltrúa og hvenær ekki. Um valdniðslu, um málþóf, um það að sá sem hér talar hefur oft átt erfitt með að fá bókanir í gegn í borgarstjórn og oft ekki fengið að flytja tillögur. Ég mun bera hér fram spurningar sem ég vona að einhver ykkar sjái sóma sinn í að reyna að svara að einhverju leyti, því það þarf að fara fram umræða um það að aðförin gegn þeim sem hér talar er viðvörun til alls venjulegs heiðarlegs fólk í borginni um að koma ekki nálægt stjórn mállum, því það er á kostnað ykkar og barnanna ykkar um langa tíð ef þið vogið ykkur að koma nálægt þeim skít sem íslensk stjórn mála eru í

dag. En ég læt ekki hrekja mig frá þessum vettvangi, því ég hef brýnan tilgang hér.

Á fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur 19. janúar sl. var ég víttur fyrir ummæli sem ég viðhafði í stuttri ræðu í tengslum við tillöguflutning minn um vantraust á núverandi borgarstjóra. Ræðu mína lagði ég jafnframt fram sem bókun á fundinum og þar sem ræðan var að kröfu meirihlutans þurrkuð út úr fundargerð í heild sinni var hún birt í heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu tveimur dögum síðar. Þar koma fram skýr rök fyrir því sem ég hef haldið fram, meðal annars um að borgarstjóri hafi gengið hart fram í kröfunni um niðurrif gamallar byggðar á Laugavegi, sem hún var vanhæf um að mínu mati, vegna hagsmunatengsla sinna við eigendur Landsbankans og fyrrverandi stjórnarformanns bankans, Kjartan Gunnarsson. Upplýst hefur verið að borgarstjóri þáði fjárframlög frá bankanum sem hún hefur ekki viljað greina frá. Þetta eru staðreyndir. Það eru engin meiðyrði eða ósannindi um þetta, ég er bara að segja frá staðreyndum og borgarstjóri getur svarað þeim. Þetta eru ekki ósannindi. Þetta eru engin meiðyrði, það er bara verið að greina frá staðreyndum. Af hverju var þetta þurrkað út?

Í ræðunni færði ég einnig rök fyrir því að borgarstjóri hefði verið mikið fjarverandi frá vinnu sinni vegna tíðra og kostnaðarsamra ferðalaga. Borgarstjóri hefur einnig sagt ósatt í svörum við fyrirspurnum mínum í borgarráði, bæði varðandi tíðni ferðalaga, kostnað vegna þeirra og fjölda borgarráðsfunda sem hún hefur látið fella niður án þess að gildar ástæður væru fyrir því. Þá saka ég borgarstjóra um siðleysi í ræðunni þar sem hún hefði aukið ferðakostnað borgarstjóraembættisins gífurlega á sama tíma og starfsfólk borgarinnar þyrfti að sæta hörðum niðurskurði í ferða- og launakostnaði. Vel má vera að ummæli mín séu hörð og jafnvel vítaverð en öllum má ljóst vera að ekki er um órökstuddar dylgjur að ræða. Hins vegar er auðvelt að halda slíku fram af hálfu borgarstjórnarmeirihluta sem lætur þurrka út ummæli mín úr fundargerð og kemur í veg fyrir að borgarbúar geti hlustað á þau í beinni útsendingu, en í auglýsingu fyrir fundinn voru borgarbúar hvattir til þess að hlusta á borgarstjórnarfundinn 19. janúar sl. sem hófst kl. 2 síðdegis. Borgarstjórnarmeirihlutinn sá sér hins vegar leik á borði þegar hann kom málum þannig fyrir að vantrauststillagan mín var ekki

sett fremst á dagskrá eins og óskað var eftir og ber að gera samkvæmt reglum um fundarsköp.

Haldið var uppi málþófi í þrjár klukkustundir af hálfu meirihlutans í „umræðu“ um sóknaráætlun fyrir borgina. Í umræðunni var meðal annars tveimur varaborgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins skipt inn á fyrir borgarfulltrúann Júlíus Vífil Ingvarsson. Um leið og þessari valdniðslu og fundaofbeldi meirihlutans er mótmælt er þeirri spurningu beint til borgarstjóra og skrifstofustjóra borgarstjórnar: Verður fallist á að hér hafi verið um ólöglegt fundarsköp að ræða? Margir hafa tjáð mér að hér hafi verið um ólöglegt fundarsköp að ræða, vantrauststillaga eigi alltaf að vera fyrst á dagskrá. Löglærðir menn hafa sagt mér það. Ég spyr og bið ykkur að svara mér, getið þið fallist á að þetta hafi verið ólöglegt og ef svo er, viljið þið þá viðurkenna það og biðjast afsökunar á því. Þá skal ég taka það til greina. Má ég vænta þess að verða beðinn afsökunar á þessari framgöngu?

Eins og fram kemur í fundargerð borgarráðs frá 30. apríl árið 2008, það er í borgarstjóratíð minni, lögðu fulltrúar Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna í borgarráði, þau Óskar Bergsson, Björk Vilhelmsdóttir og Svandís Svavarsdóttir fram bókun vegna svars míns við fyrirspurn þeirra um aðhaldsaðgerðir í rekstrarkostnaði mannréttindaskrifstofu borgarinnar. Í bókun þremmenninganna segir meðal annars um þann sem hér stendur: „Borgarstjóri lýsir með svari sínu fádæma mannfyrirlitningu.“ Ennfremur: „Borgarstjóra til upplýsingar snúast mannréttindamál hvorki um persónuleg áhugamál einstaklinga né óbeint hans sjálfs á málaflokknum.“ Sá sem hér stendur er sakaður um að hafa óbeit á mannréttindamálum og sýna fádæma mannfyrirlitningu. Ég spyr: Hvers vegna voru þessi ummæli ekki vítt af embættismönnum borgarinnar eða þurrkuð út úr fundargerð eða er það kannski vegna þess að embættismenn borgarinnar, sem ég tek fram að ég ber mikið traust til, verða að beygja sig undir kröfur annarra borgarstjóra? Því ég gaf þeim aldrei fyrirskipun um slíkt í borgarstjóratíð minni. Aldrei nokkurn tímann datt mér í hug að kúga embættismenn til að fara að öðru en sinni sannfæringu, sinni fagmennsku og sínum reglum, þeim leikreglum sem þeim eru settar. Mér hefur fundist bera á því í tíð ýmissa annarra hér sem hafa farið með embætti borgarstjóra.

Hvers vegna var Óskar Bergsson sem starfandi formaður borgarráðs í tíð núverandi borgarstjóra ekki víttur þegar hann sagði fyrirspurnir mínar í borgarráði vera andlegt rusl? Og enn er spurt: Þar sem Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi F-lista, í veikindaleyfi mínu við myndun 100 daga meirihlutans vildi alls ekki að ég tæki sæti á ný í borgarstjórn, voru aðrir oddvitar þess meirihluta undir miklum þrýstingi um að tefja endurkomu mína í borgarstjórn. Hvers vegna létu embættismenn borgarinnar undan þrýstingi oddvitanna fjögurra í tíð 100 daga meirihlutans um að ég væri krafinn um læknisvottorð áður en ég fengi að koma aftur til starfa eftir veikindi mín? Hvernig er það verjandi þegar engin fordæmi eru um slíkt í sögu Borgarstjórnar Reykjavíkur og þegar fyrir lá að ég hafði hafið læknisstörf á ný án þess að hæfni mín til þeirra starfa væri dregin í efa eða ég krafinn um læknisvottorð af vinnuveitanda mínum innan heilsugæslunnar og Sjúkratrygginga Íslands? Má ég vænta þess að borgaryfirvöld biðjist afsökunar á þessum gjörningi sem þau vilja ekki láta gilda um aðra borgarfulltrúa? Hvers vegna er mér meinað að flytja tillögu um að það sama verði látið ganga yfir alla borgarfulltrúa í þessum efnum? Eruð þið eitthvað betri en ég? Eruð þið eitthvað betri en aðrir borgarbúar? Hvers vegna gilda aðrar reglur um ykkur sjálfa, ágætu borgarfulltrúar, en um mig? Hvers vegna? Ég óska eftir að þið svarið því, einhver ykkar. Af hverju ekki sama yfir alla gangi í þessum efnum?

Eru borgaryfirvöld skaðabótaskyld kannski gagnvart mér fyrir að hafa komið af stað því haturs- og fordómafulla einelti sem ég hef orðið fyrir af hálfu ýmissa borgarfulltrúa og mjög margra fjölmiðlamanna sem hefur verið mér og fjölskyldu minni afar þungbært. Tilefnislaust með öllu að mínu mati. Og að lokum: Hvers vegna leyfðu embættismenn borgarinnar oddvitunum í 100 daga meirihlutanum að ráða dagskrá borgarstjórnarfundar þegar ég tók við borgarstjórarstarfinu hinn 24. janúar árið 2008? Gerðu embættismenn borgarinnar sér ekki grein fyrir því að skríslæti og pöntuð ummæli um mig höfðu verið skipulögð á áhorfendapöllumum og fóru síðan fram undir kórstjórn Svandísar Svavarsdóttur sem stóð hér við hliðina á þar sem ég stend núna? Hún lyfti höndum og hvatti lýðinn til að öskra á okkur hin eftir að hún hafði fengið að flytja sína ræðu óáreitt. Hvers konar fundarsköp og fundarstjórn er þetta? Skiptir engu þótt ég hafi andmælt þessu ráðslagi sem virtist þegar ákveðið, þegar ég undirbjó fundinn með skrifstofustjóra

borgarinnar. Er það rétt sem skrifstofustjórinn sagði við mig rétt fyrir fundinn að borgarstjóri hefði úrskurðarvald varðandi dagskrá borgarstjórnar?

Því var þá aldrei beitt í borgarstjóratíð minni. Mér hefur aldrei dottið í hug, hvorki sem borgarstjóri né kjörinn fulltrúi, að gefa embættismönnum og fagaðilum hér í borginni, sem flestir eru mun betur að sér heldur en við borgarfulltrúar, ekki aðeins um leikreglur borgarstjórnar heldur yfir höfuð miklu meiri fagmenn en kjörnir fulltrúar eru almennt. Það er ekki hæfasta fólkið lengur og hefur líklega aldrei verið, sem velst til starfa á sviði stjórn mála, hvorki í sveitarstjórnnum né Alþingi. En það er ekki ætlunin hjá mér að veða að embættismönnum með þessari ræðu en ég stend við það að þeir voru settir undir óeðlilegan þrýsting af öðrum borgarstjórum, þeir hafa verið settir undir þrýsting af hálfu borgarstjóra Dags B. Eggertssonar í hans tíð og af núverandi borgarstjóra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í hennar valdatíð, um það að stjórna fundi með þeim hætti að ég gæti ekki notið eðlilegs málfrelsis og tillöguréttar hér í borgarstjórn og það að það væri hægt að skipuleggja hér fund í þessum sal með þeim hætti að maki formanns Sambands ungra jafnaðarmanna væri pantaður hér upp á pallinn og öskraði: Þú ert enginn fokking borgarstjóri. Þetta var samið af Samfylkingunni. Þetta eru ekki fundarsköp og þetta er ólíðandi. Þess vegna skora ég á ykkur sem hér eruð að koma og reyna að svara einhverju af þessum spurningum. Ef þið gerið það ekki segir það mér að ykkur finnst þetta bara allt í lagi og hið besta mál að slátra mannorði heillar fjölskyldu að gamni sínu.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Að gefnu tilefni skal upplýst að það er forseti borgarstjórnar sem semur dagskrá borgarstjórnarfundar og það er tilgreint sérstaklega í 8. grein. Næst tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Umræða um málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Eins og kom fram, af því að það er nú ýmislegt sem hefur verið spurt hér að og ýmislegt sem sú sem hér stendur getur nú ekki svarað fyrir. En varðandi það sem nefnt er um dagskrár borgarstjórnarfunda þá liggur það auðvitað alveg fyrir að valdið þar er auðvitað hjá forseta borgarstjórnar, það er hann sem semur dagskrána og eftir að fram hafa komið tillögur um umræðuefni frá borgarstjórnarflokkum. Þannig að það liggur fyrir og hefur lengi legið fyrir. Um einstaka samtöl borgarfulltrúans á sínum tíma við skrifstofustjóra eða aðra get ég ekki vitnað um og þykir reyndar, og ég held að borgarfulltrúinn ætli sér það ekki, mér þykir nokkuð hart þegar menn einhvern veginn draga starfsmenn með svo kröftugum hætti inn í umræðuna eins og hefur verið gert hér að undanfögnu, bæði skrifstofustjóra borgarstjórnar, borgarlögmann og fleiri, en látum það nú vera.

Ég held að í öllu þessu, og ég tek undir það með borgarfulltrúanum og hef áður sagt það úr þessum ræðustól og ítreka það, að mér hefur oft fundist ákaflega ómaklega vegið að borgarfulltrúanum. Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið það að það hafi verið hart að honum vegið í mörgu samhengi og það var hart að borgarfulltrúanum vegið þegar hann var hérna sem borgarstjóri og margir gengu mjög langt í því. Ég hef verið þeirrar skoðunar og margsinnis sagt það við borgarfulltrúann, ég skil ekki alveg svipinn á borgarfulltrúanum en ég ætla svosem ekki að fást um það, en mér finnst þau vinnubrögð í stjórnámálum hvorki eiga við þegar það er gagnvart honum né gagnvart einhverjum öðrum. Þess vegna hefur það komið mér á óvart hvernig borgarfulltrúinn hefur sjálfur kosið að haga sínum málflutningi. Vegna þess að hann talar mikið um það að menn skuli ærlegir vera og menn skuli vera heiðarlegir, og menn skuli ekki saka aðra um eitthvað sem ekki er rétt. Borgarfulltrúinn hefur gengið hvað lengst í því að undanfögnu að gera slíkt. Þannig að það undrar mig að einstaklingur sem gengur svo hart í því að krefja aðra um sanngirni gagnvart sér skuli ganga eins langt og hann gerir sjálfur í ósanngirni gagnvart öðrum.

En látum það nú liggja á milli hluta. Rætt er hér um og ítrekað verið rætt um það varðandi títtnefnt læknisvottorð, þá tek ég undir það með borgarfulltrúanum og

hef líka gert það ítrekað úr þessum stóli og hef gert það margsinnis opinberlega einnig, að ég skildi aldrei hvers vegna það var gert og skil ekki hvers vegna það var gert. Og tel að það standist ekki að krefja kjörinn fulltrúa sem sækir sitt vald sannarlega til íbúa, hann er ekki starfsmaður Reykjavíkurborgar, og um hann skulu þá ekki gilda sömu reglur og gilda almennt um starfsmenn borgarinnar. Þannig að mér fannst algjörlega makalaust og með eindæmum að hann skyldi krafinn um slíka hluti og skil það vel að borgarfulltrúanum skyldi falla það illa og tel að við höfum öll tekið því með svipuðum og sambærilegum hætti. Og var engin ástæða til þess, engin ástæða til þess, borgarfulltrúinn var kominn aftur til starfa eftir veikindi sem eru hans privátmál og persónulegu mál og það hafði enginn neitt með það að gera að krefja hann læknisvottorðs eða yfirleitt nokkurra skýringa á endurkomu sinni. Þannig að ég tel að þar hafi verið gengið mjög hart og með mjög ósanngjörnum hætti gagnvart þeim borgarfulltrúa. Afar ósanngjörnum hætti. Ég tek líka undir það með borgarfulltrúanum að það var ekki til sóma fyrir borgarstjórn hvernig hér var staðið að skiptum á sínum tíma þegar borgarstjóri þáverandi komst ekki einu sinni að í ræðustól til þess að taka við sínu embætti. Það var til skammar fyrir þá sem að því stóðu og var mjög sorglegt og átakanlegt að verða vitni að því.

Ég veit líka að borgarfulltrúinn, þáverandi borgarstjóri, sinnti sínu embætti af kostgæfni og hlaut nú ekki mjög sanngjarnan dóm fyrir mörg þeirra verka sem hann átti þátt í og margt sem hann gerði þar sem menn eiga að meta öðruvísi og verður örugglega metið öðruvísi þegar sagan verður skrifuð. Þess vegna aftur undrast ég að borgarfulltrúinn skuli til dæmis, hann nefnir það að ég hafi einhvern tímann falið það að ég hafi einhvern tímann fengið stuðning frá fyrirtækjum. Það er ósatt. Ég hef aldrei nokkurn tímann falið það. Vegna þess að þannig var það og er hjá mjög mörgum af okkur sem höfum undirgengist ákveðnar reglur hjá Sjálfstæðisflokknum að við komum ekki nálægt fjáröflun. Þannig að mér var aldrei kunnugt um þann stuðning sem ég hlaut frá einstaka fyrirtækjum eða einstaklingum í mínu prófkjöri. Eina reglan sem ég setti er svipuð regla og mjög margir aðrir sem sitja í þessum sal settu, ég sagði að enginn mætti styrkja mitt framboð um meira en 500.000 krónur og að það mætti ekki vera meira en ákveðið hlutfall af baráttunni í heild.

Ég sé á gögnum frá til dæmis Samfylkingunni, að mér sýnist að langflestir hafi viðhaft nákvæmlega sömu reglur, þannig að mínar reglur þar voru mjög skýrar. Síðan hefur það auðvitað komið í ljós að einhverjir aðilar hafa stutt mig og ég gaf það upp eins og allir aðrir til Ríkisendurskoðunar. Þannig að það er mjög ósanngjarnt að reyna að halda því fram að ég hafi með nokkrum hætti vitað af því, hvað þá að ég hafi með nokkrum hætti gengið erinda nokkurs á þessum vettvangi. Ég hef aldrei kynnst nokkrum einasta borgarfulltrúa sem það hefur gert. Aldrei nokkurn tímann.

Ég hef aldrei skynjað það í starfi neins sem hér situr að það hafi haft áhrif og ekki heldur í störfum borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar þó það sé alveg ljóst að öll höfum við, kannski miklu frekar heldur en fjárhagsleg tengsl, þá auðvitað hafa allir sín tengsl, ég meina menn eru í ákveðnum flokkum, tilheyra ákveðnum hópum og svo framvegis, þannig að tengsl eru auðvitað víða í íslensku samfélagi. En ég held að við séum öll vonandi í stjórnámálum á ákveðnum forsendum og það myndi ekki hvarfla að nokkrum sem hér er að láta slíkt hafa áhrif á sig með nokkrum hætti. Komi einhvern tímann til verka eða málefna sem þannig eru, þá hljóta menn að lýsa sig vanhæfa og draga sig frá slíkri ákvörðun, ef menn eru í minnsta vafa um að slíkt sé. Þannig að þess vegna undrast ég það að borgarfulltrúinn sem kannski hefur orðið hvað harðast fyrir því á þessum vettvangi að hann sé beittur ákveðinni ósanngirni, að hann skuli ganga með þeim hætti fram sem hann hefur gert að undanfögnu, finnst mér.

Varðandi fundinn sem borgarfulltrúinn gerir hér að umtalsefni, þar sem að rætt var um vantraust á þá sem hér stendur, þá er það auðvitað þannig að dagskráin var sett upp, hér var til umræðu og kannski hefði borgarfulltrúinn átt að gera athugasemdir við það í byrjun fundar. Ég átta mig ekki á því hvort það hefði verið eðlilegra, en það var hér sett á dagskrá sóknaráætlun sem hafði verið hér í undirbúningi og vinnslu í marga, marga mánuði og eins og borgarfulltrúinn þekkir er hefð og venja fyrir að þeir borgarfulltrúar sem koma að ákveðnum verkum eða verkefnum, þeir gjarnan koma inn til fundar til að fá að taka þátt í þeirri umræðu. Þannig að það var aldrei þannig að menn væru hér að reyna að koma einhverjum inn til þess að lengja umræðuna.

Það var einungis þannig að borgarfulltrúar sem höfðu sérstakan áhuga á viðfangsefni í sóknaráætluninni en sátu ekki hér innan fundar, höfðu fyrir löngu gert allavega okkar borgarstjórnarflokki það ljóst að þá langaði til þess að fá að taka þátt í umræðunni. Þannig að kannski hefði það þurft að koma fyrr, þannig að það var ekki á ferðinni nein tilraun af hálfu eins eða neins hér til þess að hafa áhrif á það hvenær málið yrði rætt heldur lá dagskráin fyrir með þessum hætti og þess vegna fór umræðan bara fram eftir því hvernig dagskránni vatt fram. Þannig að ég held að, allavega er það sú eina skýring sem ég kann á því, enda er eins og ég segi, dagskráin frágengin af hálfu forseta, þó svo að það breyti því auðvitað ekki að dagskrá kemur alltaf fyrir augu borgarstjóra áður en hún er send út. Og ég sá ekkert í þessari dagskrá sem stangaðist á við fundarsköp þannig að ég þori ekki að fella dóma um það, enda er það forseti sem ber ábyrgð á dagskránni og ég geri ráð fyrir því að í samræmi við hans vinnubrögð að það hafi verið rétt hvernig var staðið að þeim málum.

Ég held að ég hafi reynt að svara öllu sem allavega lýtur að mér, ég get ekki svarað eins og ég nefndi varðandi hluti sem borgarfulltrúinn nefndi í 100 daga meirihlutanum, ég þekki það ekki, en ég tek líka undir það sem borgarfulltrúinn segir og hefur ítrekað sagt og er auðvitað umhugsunarefni, bara fyrir lýðræðið í landinu það er það, að hér hafa á þessu kjörtímabili tveir flokkar innan gæsalappa „lent í því“ að varaborgarfulltrúar þeirra hafa ákveðið að snúa sér eða fara að starfa í þágu annarra framboða á kjörtímabilinu og það er auðvitað mjög snúið. Við verðum að viðurkenna það, hvort sem það hefur gagnast í þessu tilviki Samfylkingunni í bæði skiptin.

En hvort sem það gagnast okkur eða einhverjum öðrum, þá er það auðvitað dálítið sérkennileg staða að borgarfulltrúi sem fer inn í borgarstjórn sem staðgengill ákveðins borgarfulltrúa og ákveðinna stjórn málafla kjósi að fara síðan í aðrar áttir og það er auðvitað snúið fyrir þá sem í því lenda og gerir líka svona nýjar kröfur til okkar sem í því lendum, þrátt fyrir að það auðvitað séu aðrir sem fagni því og í einhverjum svona pólitískum leik getur það gagnast. Þá er það samt umhugsunarefni fyrir okkur hvernig á því er haldið, sérstaklega vegna þess að við slíkar aðstæður getur viðkomandi borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi næstum því haldið, ekki bara einum einstaklingi heldur ákveðnum flokkum næstum því í

Bstj. 16. febrúar 2010

heljargreipum vegna þess að það er ekki hægt að kalla inn varamann, þannig að það er auðvitað bara svona umhugsunarefni fyrir lýðræðið og auðvitað eitthvað sem er þekkt.

Forseti: Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

4. mál Umræða um málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég hef svosem ekki miklu við að bæta ræðu borgarstjóra og tek undir allt það sem borgarstjóri nefndi hér varðandi þau mál sem borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon gerði að umfjöllunarefni. Það hefur, ég hef nú verið hér í 28 ár og við þekkjum auðvitað sögu borgarstjórnar þótt við höfum ekki verið svona lengi, hvað varðar veikindaforföll og það kom mér alveg sérstaklega á óvart að borgarfulltrúinn skyldi hafa verið beðinn um læknisvottorð eftir veikindi sem hann átti við að stríða og kom til baka og ég var reyndar ekki á þessum borgarráðsfundi þegar þetta bar á góma, en þarna náttúrulega urðu mistök og ég ætla ekkert að fara að leita að einhverjum sérstökum sökudólgi í þeim efnum. Þarna urðu mistök og það er auðvitað sjálfsagt að biðja borgarfulltrúann afsökunar á því að þetta skuli hafa gerst, hér innan okkar stjórnsýslu. Og ég, sem forseti borgarstjórnar, bið borgarfulltrúann afsökunar á þessu þótt nokkuð sé um liðið síðan þetta gerðist. Þetta auðvitað, við lærum af þessu og ef til vill þurfum við að skerpa margt í okkar stjórnsýslu þannig að svona gerist ekki. En ég tel nú samt sem áður að stjórnsýsla okkar sé góð og hún hafi verið mjög örugg og gagnsæ á flestum sviðum, ef ekki öllum, en auðvitað geta svona atriði gerst og þá er eina leiðin til að lagfæra það er hreinlega að biðjast afsökunar.

Það er auðvitað líka margt annað sem hægt er að nefna í þessu sambandi. Auðvitað hefur mér fundist eins og borgarstjóra að borgarfulltrúinn sem hér talaði á undan mér í þessari pontu hafi orðið fyrir ótrúlega miklum árásum og oft ósvífnum. Vissulega hefur borgarfulltrúinn sjálfur líka látið að sér kveða í umræðunni og varið sig og auðvitað hafa fallið orð bæði hér í borgarstjórninni og annarsstaðar á öðrum vettvangi og það er líka nokkuð sem maður veltir fyrir sér þegar maður lítur tilbaka, hversu grimm umræðan hefur orðið oft og tíðum verið og jafnvel grimmari heldur en á Alþingi og hefur hún þó oft verið grimm þar. En þetta er nokkuð sem getur gerst og ekkert við því að segja, en aðalatriðið er það að borgarfulltrúar fari eftir þeim samþykktum um fundarsköp sem sett hafa verið hér á þessum vettvangi, hvort sem það er um lengd bókana eða orðalag sem notað er um þá sem eru hérna í salnum hverju sinni eða þá sem ekki eru í salnum.

Við auðvitað þekkjum það frá Alþingi að oft hafa þung orð og jafnvel þyngri orð verið látin falla þar í umræðunni, bæði um viðstadda og eins um fjarverandi einstaklinga. En þessar stofnanir, Alþingi og borgarstjórn, verða auðvitað að gæta sín. Við höfum ákveðnar samþykktir og við eigum að fara eftir þeim. Við getum hins vegar ekkert ráðið við það sem fjölmiðlar segja um okkur sýknt og heilagt. Það virðist vera allt leyfilegt í þeim efnum, fullyrðingar út og suður og fram og til baka og ég er ekki að fjalla um fjölmiðla og ekki þær stofnanir hérna, ég er að fjalla um þá stofnun sem heitir Borgarstjórn Reykjavíkur og Alþingi, en þar hafa oft og tíðum fallið þung orð og örugglega langt utan við þann ramma sem við höfum sett okkur í okkar samþykktum.

Varðandi dagskrá borgarstjórnar, þá er það svo að það er forseti borgarstjórnar sem hefur úrskurðarvald varðandi dagskrá borgarstjórnarfundar. Auðvitað hafa allir fullt leyfi til þess að setja fram sínar tillögur varðandi umfjöllunarefni á borgarstjórnarfundum, en það er að lokum einungis forseti borgarstjórnar sem úrskurðar í fyrsta lagi um það hvort að viðkomandi tillögur séu tækar yfirleitt inn á fundinn og í öðru lagi, hann úrskurðar líka um það hvernig málum er raðað þar inn á dagskrána. Það virðist vera einhver lenska, að minnsta kosti á stundum, að það sé gríðarlega mikilvægt að vera með fyrsta mál á dagskrá. Ég meina, við erum hér á fundi frá klukkan tvö á þriðjudögum, fyrsta og þriðja þriðjudag í hverjum mánuði nema yfir sumarmánuðina og það á ekki að skipta öllu máli hvort málið er númer eitt eða tvö eða þrjú eða fjögur. Við erum að ræða hér fjöldann allan af málum og ég allavega met það svo að málið hefur bara sína vigt, skiptir engu máli hvort málið er númer eitt, tvö, þrjú eða fjögur. Þetta er semsé á valdi forseta borgarstjórnar og ef menn hafa eitthvað við það að athuga hvernig raðað er á dagskrá, þá auðvitað hlustar forseti borgarstjórnar á það en að lokum er það hann sem tekur endanlega ákvörðun um það hvernig mál skipast í þeim efnum.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

4. mál Umræða um málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil nú þakka bæði borgarstjóra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og forseta borgarstjórnar, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni fyrir þann drengskap að koma hér og svara mér málefnalega um grafalvarlegt mál og eru þau bæði menn að meiri fyrir vikið. Ég hefði raunar viljað sjá fleiri borgarfulltrúa tjá sig um jafnalvarlegt mál eins og starfsemin hér í borgarstjórn hefur verið á þessu kjörtímabili sem náttúrulega er okkur og verður um alla framtíð Borgarstjórn Reykjavíkur til háborinnar skammar. En ég er afar ánægður með að hafa fengið formlega afsökunarbeiðni yfir því hroðalega ofbeldi sem ég og fjölskylda mín vorum beitt þegar ég var krafinn um vottorð vegna veikinda sem hefur verið frá þeim degi gert út á til að gera mig ótrúverðugan hér í pontu borgarstjórnar og sem kjörinn fulltrúa. Raunar líka reynt að veða að starfsheiðri mínum sem lækni og hef ég þó góðan feril í þeim efnum og þyrfti síst af öllu að biðja nokkurn hér inni afsökunar á mínu lækni starfi, framgöngu þar og trúnaði og vandvirkni gagnvart mínum sjúklingum.

En það er samt einn hlutur hér sem ég er afar ósáttur við og að því geta embættismenn borgarinnar í raun og veru ekkert gert, ég á fáa betri vini hér inni heldur en fyrrverandi og núverandi skrifstofustjóra borgarstjórnar, Gunnar Eydal og Ólaf Kr. Hjörleifsson, báðir sómamenn, topplögfræðingar hvor um sig og drengskaparmenn að öllu leyti. Ég lít hins vegar svo á að á þessum óskemmtilegu dögum í lok árs 2007 og byrjun árs 2008 hafi þessir ágætu menn verið beittir mjög óeðlilegum þvingunum og þrýstingi af hálfu, sérstaklega af hálfu eins pólitísku afls hér í borginni, sem er Samfylkingin og álit mitt og framtíðarvonir í garð þeirrar stjórn málahreyfingar er í réttu hlutfalli við það.

Þó ýmsir hafi gert mér marga skráveifu hér þá held ég að Samfylkingin og þeirra lið eigi margfalt met í þeim efnum að níða af mér skóinn og rakka af mér mannorðið – þó þeim hafi ekki tekist það. En það var einmitt með þeim hætti, með miklum stuðningi Vinstri grænna að vísu, sem bjuggu þá ekki yfir jafngóðum oddvita og núna, Þorleifur Gunnlaugsson er svo sannarlega einn mesti drengskaparmaður hér um slóðir sem ég hef lengi kynnst, en ég á engin falleg orð um forvera hans í oddvitasætinu, Svandísi Svavarsdóttur, sem sýndi mér mikla

grimmd og illsku meðan ég var borgarstjóri og gekk raunar harðar fram gegn mér en sá sem þó frekar átti um sárt að binda gagnvart mér, Dagur B. Eggertsson, á þessum illræmda fundi 24. janúar þegar ég var settur í embætti borgarstjóra en það liggur fyrir að minn ágæti vinur, skrifstofustjóri borgarstjórnar, hann var settur undir þrýsting um það að leyfa hér umræðu um það og taldi sig líklega vera að gera rétt en þetta var óeðlilegt og ég stend við það, að leyfa hér umræðu um kjör nýs borgarstjóra á undan kjörinu.

Ég bið sérstaklega okkar reyndasta mann, forseta borgarstjórnar og borgarfulltrúa, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, að staðfesta það að það hefur aldrei gerst fyrr að borgarstjóri hafi verið kjörinn án þess að það fengi að ganga fyrir sig með eðlilegum hætti og menn fengju þá að tjá sig eftir að kjörið fer fram. Ekki flytja hér einhverjar ... ég veit ekki hvað. Þetta voru ekki ræður, þetta var sirkus sem fór hér fram þegar ég var kjörinn borgarstjóri. Og ég minni aftur á: Svandís Svavarsdóttir stóð hér við hliðina á þar sem ég stend og veifaði höndum og hvatti liðið til að öskra sem mest. Það átti að vísa henni úr þessum sal. Hún er farin um alla framtíð sem betur fer. Ég sé ekki eftir henni. Illskan sem þessi borgarfulltrúi sýndi mér var með þvílíkum ólíkindum.

Ég skil miklu frekar borgarfulltrúann Dag B. Eggertsson að hann hafi verið ævareiður út í mig, hann taldi mig hafa svikið sig. Ég var ekki að því. Mér var gjörsamlega ólíft í 100 daga meirihlutanum vegna þrýstingsins um að Margrét Sverrisdóttir tæki við af mér, fengi að erfa hlutverk mitt sem borgarfulltrúi. Það vita allir hér inni. Þið vitið það, góðir borgarfulltrúar, að mér var ekki líft eða vært í 100 daga meirihlutanum. Ég var einskis metinn þar. Ég var ekkert oddviti F-listans gagnvart þeim sem þar sátu. Það var Samfylkingarkonan Margrét Sverrisdóttir. Og af valdagræðgi hennar er þetta í raun og veru allt uppsprottið. Ég mátti ekki verða frískur og koma tilbaka. Svo sorglegt sem það er. En ég er það og er kominn tvöfaldur tilbaka og ég mun svo sannarlega þvælast fyrir þeim sem ekki vilja sjá mig hér í framtíðinni.

En ég endurtek: ég tel að embættismenn borgarinnar hafi verið beittir vissu ofbeldi, pólitísku ofbeldi, bæði þegar læknisvottorðið kom fram, krafan um það, og þegar fundur borgarstjórnar var skipulagður. Það liggur algjörlega fyrir, 100%, að sá leikþáttur sem hér var settur á svið var skipulagður af Degi B. Eggertssyni

og Svandísi Svavarsdóttur. Alveg frá a til ö. Ummælin pöntuð. Ég endurtek: ég erfi þetta ekki við Dag B. Eggertsson en ég mun alltaf erfa þetta við Svandísi Svavarsdóttur því henni gekk ekkert til nema illskan í minn garð. Degi var í raun og veru allt leyfilegt, svo þungu höggi hafði ég komið á hann. Það var ekki gert vitandi vits til að skemma fyrir honum eða koma mér á framfæri, það var vegna þess að ég hef hugsjónir sem ég er að berjast fyrir hér og er búinn að berjast fyrir í 20 ár og ég gat komið þeim á dagskrá og þó að samstarf mitt hafi verið mjög erfitt með sjálfstæðismönnum, þá átti ég þó gamla samstarfsmenn þar, sem heita Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Kjartan Magnússon, sem hafa alltaf reynst mér miklu hliðhollari og þægilegri í samstarfi heldur en nokkur borgarfulltrúi úr hinum flokkunum, svo mikið er víst.

Ég þakka fyrir þessa umræðu og borgarstjóra og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni fyrir þann drengskap að koma hér og tjá sig málefnalega um þetta grafalvarlega mál.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

4. mál Umræða um málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Það er merkilegt að fylgjast með þeim viðsnúningi sem orðið hefur í málflutningi Ólafs F. Magnússonar og það er engu líkara en að það sé nóg að borgarstjóri og forseti borgarstjórnar komi hér upp og tali blíðlega, að hann snúi við blaðinu og hætti við að ráðast á Sjálfstæðisflokkinn og fari þá að ráðast á Samfylkinguna en þó einna helst á félagi minn sem er ekki hér til staðar til að svara fyrir sig, það kveður við annan tón, Ólafur F. Magnússon.

Ég kom hér upp, þetta er náttúrulega eitt af þeim málum sem þú tekur hér upp fund eftir fund eftir fund og ítrekað erum við að koma hér upp og ræða þessi mál. Það eru nokkrir borgarstjórnarfundir síðan borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og ég man ekki betur, allavega ég, komum hérna upp og báðum afsökunar á því að þetta skyldi gerast á okkar vakt, að þú værir beðinn um læknisvottorð. Ég reyndar varð ekki vitni að því og veit ekki hvernig það gerðist en hef alltaf verið á þeirri skoðun að það var alveg út í bláinn að biðja pólitískan eða semsagt stjórnámamann um læknisvottorð vegna þess að við erum í pólitík, við erum í pólitík án aðgreiningar og geðveikt fólk má líka vera í pólitík. Og ég setti það fram, ég meina ég er alkóhólisti, ég tel mig eiga fullan rétt og ég held að það sé bara mikilvægt að fólk með allskonar reynslu sé í stjórnámálum. Mjög mikilvægt.

En ég ætlaði svosem ekki að koma upp af því að ég nenni ekki að vera að endurtaka mig stöðugt. Nema mér fannst bara þessi ræða borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar vera mjög merkileg, þar sem hann sneri allt í einu algjörlega við blaðinu, það koma hér upp tveir sjálfstæðismenn og strjúka honum og þá fer hann að ráðast á Samfylkinguna og Svandísi Svavarsdóttur. Og fyrir hvað? Fyrir hvað? Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon er margbúinn að lýsa því yfir hvernig sjálfstæðismenn misnotuðu hann. Hvernig þeir misnotuðu hann í veikindum sínum og drógu hann hingað inn í salinn. Er það ekki svo? Ég hef ekki heyrt betur. Og fyrir hvað er verið að gagnrýna fólk sem mótmælti við þessar aðstæður?

Forseti: Borgarfulltrúi Porleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

4. mál Umræða um málfrelsi og tillögurétt í Borgarstjórn Reykjavíkur (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ágæti Þorleifur, ég þakkaði þér líka í minni ræðu áðan, þó þú hafir ekki tekið eftir því. Sagði að þú hefðir verið í mínum huga einn mesti drengskaparmaður sem hér hefur setið í Borgarstjórn Reykjavíkur. Þú hefur greinilega ekki tekið eftir því. Ég hef ábyggilega þakkað þér áður fyrir þína framgöngu hér og ég er ákaflega glaður yfir því, þó þér þyki eflaust ekkert gott að heyra það hér, ég er ákaflega glaður yfir því að þú hafir orðið oddviti í stað Svandísar Svavarsdóttur fyrir Vinstri græna. Hún á það margfalt inni hjá mér. Annarri eins illsku hef ég sjaldan kynnst eins og af þeim ... ég held að ég skuldi þessum borgarfulltrúa það að tala hreint út. Ég á myndirnar frá þessum borgarstjórnarfundi þegar hún stjórnar öskrunum hérna. Fyrir það hefði átt að reka hana úr salnum og jafnvel meira.

En það sem ég vildi segja er þetta: Það er einn misskilningur hjá borgarfulltrúanum og hann er sá að sjálfstæðismenn hafi notfært sér veikindi mín til að mynda með mér meirihluta. Það er bara alls ekki rétt. Notfært sér veikindi mín? Ég var algjörlega allsgáður. Búinn að vera í læknisstarfi í marga mánuði og var algjörlega allsgáður. Mér leið illa, ég var þunglyndur, en ég var algjörlega með dómgreindina og viljann í lagi. Algjörlega. Nei. Við skulum ekki ræða það nánar heldur liggur hitt fyrir að það er hins vegar annað mál að ég tel að ekki hafi allir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og raunar hef ég ekki séð að neinir hafi gert það af fullri alvöru nema Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Kjartan Magnússon að ganga til samstarfs við mig af fullum heilindum. Ég tel að til þessa samstarfs hafi að því leyti verið stofnað á fölskum forsendum, það ætluðu sér að mínu mati ekki aðrir borgarfulltrúar að standa við málefнасamninginn með öllum þessum góðu grænu velferðargildum sem ég hef talað fyrir alla tíð.

Þannig að það er ekki rétt að sjálfstæðismenn hafi myndað meirihluta með því að gabba geðsjúkan mann til samstarfs við sig. Það er bara rangt. Hitt er annað mál að ég held að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Kjartan Magnússon hafi í bestu trú viljað mynda með mér meirihluta um málefni sem við gátum orðið samtaka um en félagar þeirra, hinir fimm borgarfulltrúarnir, hafi bara ekkert viljað standa að. Enda sást það á svipnum á þeim á Kjarvalsstöðum og kom í ljós eftir sjö mánuði

Þegar mér var hent fyrir borð. Ég ítreka að þessi misskilningur má ekki vera uppi, borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson. Ég hef verið fullkomlega með fullu viti og allsgáður hér í borgarstjórn og raunar oftast heldur en aðrir segja.

Forseti: Borgarfulltrúinn hefur lokið við að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans og þá er umræðu lokið. Er þá tekið til við 5. mál á dagskrá, umræðu um stöðu ungs fólks utan skóla að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingarinnar. Frummælandi í þessari umræðu er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.